

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 218/2023

2024/EES/35/29

frá 22. september 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1922 frá 10. október 2022 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar á rebaudíósíði M, D og AM sem er framleitt með umbreytingu með ensímum á hreinsuðum útdrætti úr stevíalaufum og nákvæmar skilgreiningar á rebaudíósíði M sem er framleitt með ensimbreytingu á stevíóglýkósíðum úr stevíu (E 960c(i)) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1923 frá 10. október 2022 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á askorbínsýru (E 300), natríumaskorbati (E 301) og kalsíumaskorbati (E 302) í túnfisk ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):

„– **32022 R 1923:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1923 frá 10. október 2022 (Stjtið. ESB L 264, 11.10.2022, bls. 8).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):

„– **32022 R 1922:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1922 frá 10. október 2022 (Stjtið. ESB L 264, 11.10.2022, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2022/1922 og (ESB) 2022/1923, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 264, 11.10.2022, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 264, 11.10.2022, bls. 8.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.